

**Mál nr. 405/2025**

**Nafn málskotsaðila (M)**

**Nafn varnaraðila (V)**

**Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.**

**Nafn váttryggingartaka (X)**

**Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys. Meðábyrgð. Stórkostlegt gáleysi.**

1. Málskot móttakið 5. nóvember 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 12. desember 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 19. desember 2025.

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins kemur fram að M var fyrir líkamstjóni við vinnu sína í lagerhúsnæði X 18. júlí 2018. Af gögnum málsins virðast atvik hafa verið eftirfarandi. M sem var nýkominn í vinnu þegar hann þurfti að aðstoða lyftarastjóra Y sem þurfti að sækja kassa sem var á efstu hillu í rekka, en ekki á bretti. Hafi lyftarastjórinn því beðið M um að aðstoða sig með því að standa á göfflum lyftarans og hann yrði svo hífður upp svo hann gæti náð í kassann. Þegar byrjað var að lyfta hafi hins vegar ekki farið betur en svo að M klemmdi tvo fingur. Þessi frásögn kemur fram í tilkynningum X til Vinnueftirlitsins og Sjúkratrygginga Íslands. Í seinni tilkynningunni kemur m.a. fram að M hafi starfað lengur en ár hjá X. Vinnueftirlitið kom á staðinn á slysdegi. Í málinu liggur m.a. fyrir matsgerð þar sem afleiðingar slyssins eru m.a. metnar þær að M hafi orðið fyrir 3 stiga varanlegum miska og 3% varanlegri örorku.

X er með ábyrgðartryggingu atvinnureksturs hjá V sem fallist hefur á skaðabótarétt M en telur að rétt sé að M beri 1/3 hluta tjóns síns sjálfur vegna stórkostlegs gáleysis af hans hálfu, sbr. 1. mgr. 23. gr. a í skaðabótalögum nr. 50/1993. Í málskoti hafnar M þessu sjónarmiði V. Máli sínu til stuðnings bendir M á að til þess að gáleysi teljist stórkostlegt samkvæmt dómaframkvæmd þurfi það að vera á mjög háu stigi og fela í sér meiriháttar frávik frá þeirri háttsemi sem bar að viðhafa í ljósi stöðu, þekkingar og reynslu viðkomandi. Hafi M með háttsemi sinni ekki vikið með svo veigamiklum hætti frá þeirri háttsemi sem honum bar að viðhafa í aðdraganda slyssins að um stórkostlegt gáleysi geti talist vera að ræða. Hafi M fylgt fyrirmælum frá lyftarastjóra í góðri trú, enda hafi sá verið með meiri reynslu en M og herra settur. Einnig er bent á að við mat á því hvort M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 1. mgr. 23. gr. a. skaðabótalaga þurfi að horfa til sakarstigs X, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 626/2013 og 89/2020. Slys M megi rekja til aðgæsluleysis lyftarastjórans, ófullnægjandi vinnuaðstæðna og óforsvaranlegar verkstjórnar. Bendir M á að framangreindar skyldur atvinnurekenda séu sérstaklega ríkar þegar kemur að nýjum og óreyndum starfsmönnum eins og eigi við um M. Með hliðsjón af því hve mikil sök X hafi verið samanborið við meint gáleysi M telur hann ósannað að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og því sé V ekki heimilt að skerða bætur hans á grundvelli 1. mgr. 23. gr. a. Þá áréttar M að V beri sönnunarbyrði fyrir því að skilyrði þess ákvæðis séu uppfyllt.

Í athugasemdum V, dags. 12. desember 2025, er á því byggt að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi þegar umrætt atvik átti sér stað sem leiddi til líkamstjóns hans. Þá byggir V einnig á því að samkvæmt upplýsingum frá X hafi mannfærfa verið notuð á lyftara í þeim tilvikum þar sem sækja þurfti vörur sem ekki voru á brettum. Hafi M verið búinn að vinna á umræddum lager í rúma tvo mánuði þegar atvikið átti sér stað og verið vel kunnugt um að mannfærfa væri á staðnum sem nota átti í þessum tilfellum. Þá bendir V á að það sé augljós hættu fólgin í því að stíga upp á gaffla lyftara og láta hífa sig upp, án þess að vera í mannkörfu og telur X að þessi hættu hafi átt að vera M fullkomlega ljós. Þá bendir V á að í málskoti sé byggt á því að M hafi aðeins unnið hjá X í rúma tvo mánuði þegar slysið varð og hafi hann því hvorki haft þekkingu né reynslu af verklagi í slíkum tilvikum. V mótmælir þessu. Hið rétta sé að M hafi verið búinn að vinna á lagernum í rúma tvo mánuði og þá einnig í kringum lyftara. Samkvæmt upplýsingum frá X þá tíðkaðist það ekki að starfsmenn stæðu á göfflum lyftara á lagernum og hlaut M að vera slíkt ljóst, eftir rúma tveggja mánaða vinnu þar. Þá byggir V einnig á því að þrátt fyrir að samstarfsmaður gefi fyrirmæli, hvort sem hann er herra settur eða ekki, þá hafi M ekki átt að hlýða í blindni, enda hljóti honum að hafa verið ljós hættan sem stafaði af því að standa á göfflum lyftarans og láta hífa sig upp án þess að nota mannkörfu. Með vísan til alls framangreinds og fyrirbyggjandi gagna telur V að hegðun málskotsaðila þegar slysið varð hafi falið í sér verulegt frávik frá því sem ætlast mátti til af honum við vinnu verksins. Telur V hann því hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sem leiddi til

líkamstjóns hans. Því sé rétt að M verði látinn bera tjón sitt sjálfur að 1/3 hluta á grundvelli 1. mgr. 23. gr. a. skaðabótalaga nr. 50/1993.

#### Álit.

Ágreiningslaust er að M á skaðabótarétt úr ábyrgðartryggingu þeirri sem X er með hjá V, vegna afleiðinga slyssins 18. júlí 2018. Hins vegar greinir aðila á um hvort forsendur séu til þess að M beri hluta af tjóni sínu sjálfur, sbr. 1. mgr. 23. gr. a. skaðabótalaga nr. 50/1993, þar sem tjónið verði að hluta til rakið til stórkostlegs gáleysis af hans hálfu. Hefur V krafist þess, með vísan í framangreint ákvæði, að M beri 1/3 hluta tjónsins. Svo krafa V verði tekin til greina þarf háttsemi M því að fela í sér veruleg frávík frá því sem eðlilegt má telja. Í Hrd. 8. desember 2016 í máli nr. 502/2016 er m.a. að finna eftirfarandi umfjöllun um hugtakið stórfellt gáleysi: „Í framangreindu felst að stórfellt gáleysi er gáleysi á hærri stigi en hið almenna. Það felur í sér að annað hvort vikur háttsemi hlutrænt séð meira frá þeirri háttsemi sem tjónvaldi bar að viðhafa en þarf til að staðreyna almennt gáleysi, eða að hin huglæga afstaða tjónvalds til atvika er leiddu til slyss einkennist af miklu tillitsleysi.“ Við mat á því hvort háttsemi M hafi falið í sér stórfellt gáleysi leggur nefndin þá frásögn til grundvallar sem um var fjallað í upphafi kaflans um málsatvik að framan. Þó vissulega komi þar fram að lyftarastjórinn hafi í umrætt sinn beðið M um að standa á lyftaragöfllunum með það í huga að ná í kassa sem var í talsverðri hæð, afsakar það ekki háttalag M enda mátti honum vera það ljóst að sú aðferð var óforsvaranleg og beinlínis hættuleg. Telur nefndin að jafnvel þó fallist yrði á að M hefði ekki haft mikla reynslu af sambærilegum störfum, nokkuð sem nefndin telur þó ekki vera nægjanlega vel upplýst af hálfu M, þá afsaki það ekki heldur þetta háttalag hans. Nefndin hefur því komist að þeirri niðurstöðu að með háttsemi sinni hafi M vikið svo verulega frá því sem telja mátti forsvaranleg vinnubrögð þegar horft er til þess verks sem vinna átti, að um sé að ræða stórkostlegt gáleysi hans hálfu. Nefndin hefur því komist að þeirri niðurstöðu að rétt sé að fallast á þá kröfu V að M beri 1/3 af tjóni sínu sjálfur og eigi rétt á að fá 2/3 hluta tjóns síns bætt úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

#### Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V en heimilt er að skerða bætur til hans um þriðjung vegna meðábyrgðar skv. 1. mgr. 23. gr. a. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Reykjavík, 27. janúar 2026.  
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir